

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs

20. ágúst 2020 kl. 13:00 í Gömlu prentsmiðjunni.

Mættir: Haukur Már, Tryggvi Þór, Katrín, Þór, Bjarni.

Forföll: Hjörtur, Grímur.

### Dagskrá:

1. Viðbrögð við erindi Þorsteins Veturliðasonar
2. Nýjar teikningar af uppbyggingu í Skálholti
3. Staðan gagnvart Menntamálaráðuneytinu
4. Önnur mál:
  - a. Ákvörðun fasts fundartíma stjórnar.

1. Stjórn inni hefur borist erindi frá Þorsteini Veturliðasyni, þar sem segir m.a.:

„Facebook síða og Heimasíða Prentsöguseturs virðast ekkert vera á ykkar ábyrgð og það getur verið mjög bagalegt í samskiptum við aðra félagsmenn. – Mín uppástunga er sú að einhverjir innan stjórnarinnar taki við stjórnartaumum á þessum síðum sem allra fyrst – aðkoma og yfirráð stjórnarinnar á síðunum gæti orðið til þess að persónuleg misklíð utanaðkomandi bitnaði ekki á almennum félagsmönnum eftir dyntum nýverandi stjórnenda ...“

Vegna þessa erindis samþykkti stjórnin eftirfarandi: „Það er skoðun stjórnarinnar að Facebook-síðan Prentsögusetur þjóni ágætlega vissum þáttum í varðveislu minja um sögu prentverks á Íslandi. Þar er fjallað um málefnið með umræðum, myndum og myndböndum. Stjórnendurnir, Svanur Jóhannesson og Páll Svansson, hafa báðir komið að starfi Prentsöguseturs frá upphafi af miklum áhuga og fórnfýsi. Þeir hafa sett ákveðin viðmið í umræðum á síðunni sem við teljum til góðs.

Á hinn bóginn lítur stjórnin svo á að sérstök FB-síða fyrir félagsmenn Pss eina gæti verið tímabær. Katrínu Jónsdóttur var falið að setja upp hugmynd að slíkri síðu.

2. Borist höfðu rangar teikningar, þannig að litlar umræður urðu um þennan lið. Hins vegar hafði sr. Kristján Björnsson í Skálholti samband meðan á fundinum stóð og var ákveðinn fundur með honum nk. mánudag um málefni Skálholtsstaðar og samstarfið við Prentsöguseturs.
3. Formaður hefur áréttað erindi Pss við ráðuneytið en svar hefur ekki borist við þeirri áréttingu. Samþykkt að ýta betur á eftir, þar sem nú fer í hönd sá tími sem fjárlaganefnd tekur við tillögum einstakra ráðherra og samtaka.
4. Samþykktur var fastur fundartími stjórnar, annan fimmtudag í mánuði. Næsti fundur er samkvæmt því 10. september.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:00.

Haukur Már ritaði fundargerð í fjarveru ritara.